

From: Hrafn Gunnlaugsson [hrafng@simnet.is]
Sent: 29. nóvember 2011 10:09
To: Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd.
Subject: Hugleiðing um nýmæli í stjórnarskrá: Hrafn

*Alþingi
Erindi nr. P 140/507
komudagur 29. 11. 2011*

Smá hugleiðing um nýmæli í stjórnarskrá:

Til að tryggja að ekki verði vegið að grundvallar leikreglur lýðræðis þjófélagsis og réttarríkisins og til að standa vörð um frelsi hvers einstaklings til orð og athafna, skal setja eftirfarandi ákvæði í stjórnarskrána.

Til að öðlast íslenskan ríkisborgararétt skal þegnum annara ríkja, sem vilja gerast íslenskir ríkiborgarar, skylt að vinna eiðstaf að stjórnarskránni. Brjóti viðkomandi gegn reglum stjórnarskrárinnar skal viðkomandi sviptur íslensku ríkisfangi og vísað úr landi. Til að tryggja fólki fullt frelsi til umgengni við annað fólk, skal með öllum óheimilt að hylja andlit sitt á almannaþæri. Allur fatnaður sem er borin í nafni áveðinna stjórnáafla eða trúarbragða skal óheimill á almannaþæri. Undanþágur skulu ekki veittar nema vegna sérstakra hátíðahalda og reglur um það skal túlka þröngt. Trúartákn og trúarlegan klæðnað skal með öllu banna í opinberri þjónustu og jafnframt í skólum, og skal það gilda jafnt um opinbera skóla sem og einkaskóla. Ekki má limlesta eða örkuð fólk í nafni trúarbragða. Ekki má neyða nokkra manneskju til háttsemi eða athafna sem skerða sjálfákvörðunarrétt viðkomandi og skal ströngustu viðurlögum beitt gegn þriðji aðilji verði hann uppvís af því að hafa misnotað aðra manneskju, hvort sem um er að ræða mannsal, þrælun eða nauðung til þátttöku í samtökum eða félagum, hvaða nafni sem þær nefnast, og skal sama regla gilda um hverja aðra þá undirokun er brýtur gegn sjálfvirðingu viðkomandi þolanda.

Að tryggja rétt hins almenna borgara gegn ofríki stjórnvalda.

Að tryggja að finnist frekari auðlindir á Íslandi, t.d. olía í jörðu, verði þær auðlindir eigna allra landsmanna og aldrei gefnar fáum í „kvótakerfi“.

Að þeir erlendir ríkisborgara sem sækja um ríkisborgararétt á Íslandi verði upplýstir sem best um mannréttindi Stjórnarskrárinnar og að þeir verði að vinna eiða að virða ákvæði stjórnarskrárinnar.

Hrafn Gunnlaugsson
GSM (354) 8960268
hrafng@isholf.is

<http://www.simnet.is/hrafng>
<http://www.vikingfilms.net>
<http://hrafng.blog.is>
<http://www.facebook.com/hrafn.gunnlaugsson>